



Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 10. júlí 2018  
Tilvísun: HI18070043/1.9.5

## Ósk um viðræður vegna kennsluhúsnæðis

Bæjarráð Hafnarfjarðarbæjar

Við Háskóla Íslands er í samvinnu við Keili kennt þriggja og hálfss árs nám til BS-gráðu í tæknifræði. Tæknifræði er fjölfaglegt og hagnýtt nám sem veitir rétt til að sækja um lögverndað starfsheiti tæknifræðings. Í náminu geta nemendur öðlast öfluga tæknipekkingu samhliða færni við að beita henni á raunveruleg verkefni tengd atvinnulífi. Með þessu taka nemendur virkan þátt í nýsköpun og tæknipróun.

Vegna fjölgunar nemenda og húsnæðisþrengsla á Ásbrú, þar sem námið fer nú fram, er leitað að húsnæði fyrir tæknifræðina. Vakin hefur verið athygli okkar á Menntasetrinu við Lækinn í Hafnarfirði, sem er í eigu Hafnarfjarðarbæjar, sem hugsanlegum kosti í þeim efnum.

Hér er óskað eftir viðræðum við bæjaryfirvöld um að kanna þann möguleika að tæknifræðinám Háskóla Íslands geti farið fram í húsinu, með það að markmiði að skólastarf gæti hafist strax á komandi hausti.

Virðingarfallst,

Jón Atli Benediktsson  
rektor Háskóla Íslands